

5. reglulegi fundur ársins er haldinn í nýrri hreppsnefnd Árneshrepps mánudaginn 18. júní 2018 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, kl. 13:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Urðartindi, Bjarnheiður Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning oddvita.
2. Kosning varaoddvita.
3. Verkefni framundan, skýrsla fráfarandi oddvita.
4. Erindi frá Póstinum.

1. Kosning fór þannig að Eva Sigurbjörnsdóttir var kosin oddviti með 5 atkvæði.
2. Kosning varaoddvita fór þannig að Guðlaugur Ágústsson fékk 4 atkvæði og Arinbjörn Bernharðsson fékk 1 atkvæði.
3. Oddviti rakti nokkur mál sem vinna þarf að alveg á næstunni s.s. stjórn Árneshrepps, álagning fasteignagjalda, upplýsingagjöf og fleira. Ennfremur þarf að ákvarða næstu skref varðandi útleigu á húsnæði hreppsins.
4. Bréf frá Póstinum var rætt og ákveðið að oddviti myndi tala við Hannes Guðmundsson og Jón Guðbjörn Guðjónsson og reyna að finna flöt á málinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 14:15